

Árman Halldórsson,
Forstöðumaður tæknideildar
Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. mars 2013
Tilvísun: UST20130300052/ksj

Tillaga að deiliskipulagi hótels og nágrennis við Aðalstræti á Patreksfirði.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Vesturbyggðar er barst 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi hótels og nágrennis við Aðalstræti á Patreksfirði.

Í deiliskipulagstillögunni felst að lóðirnar Aðalstræti 98 og 100 verði sameinaðar. Auk þeirra lóða nær tillögusvæðið yfir lóðina Aðalstræti 110. Fram kemur í greinargerð að lóðirnar að Aðalstræti 98 og 100 ásamt mest allri lóðinni að Aðalstræti 110 eru á hættusvæði C vegna ofanflóða.


Litladalsá

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir lítills háttar hliðrun á neðsta hluta Litladalsár. Á uppdrætti er Litladalsá sýnd hliðruð til austurs. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við færsluna, enda sé ánni hliðrað eingöngu fyrir neðan göngubrúna og þar með að mestu á áður röskuðu svæði.

Leiðigarðar

Fram kemur í greinargerð að gert er ráð fyrir leiðigörðum vegna ofanflóðahættu. Athygli vekur að gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir viðbyggingu bensínstöðvar í vestur, þétt upp að áætluðum leiðigarði. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að gæta þess að væntanleg viðbygging bensínstöðvar veiki ekki leiðigarðinn sem er áætlaður til varnar gegn ofanflóðahættu.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun